

Reykjavík, 17. apríl 2024

Umsögn

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Efni: Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna um vinaborgasamstarf við borg eða svæði í Palestínu.

Þann 9. janúar 2024 lagði borgarfulltrúi Vinstri grænna fram eftirfarandi tillögu:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að ráðast í athugun á kostum, göllum og möguleikum á því að Reykjavík gerist vinaborg Gazaborgar eða annarrar borgar/svæðis í Palestínu.

Tillögunni var vísað til meðferðar forsætisnefndar sem sendi hana til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til umsagnar þann 1. mars 2024.

Fjöldi alþjóðlegra samtaka, þ.á.m. Sameinuðu þjóðirnar, Human Rights Watch og Læknar án landamæra hafa lýst aðstæðum fólks á Gaza sem skelfilegum. Hernaðaraðgerðir Ísrael á Gaza hafa vakið mikla athygli og ólgu meðal almennings hér á landi. Fjöldi fólks hefur komið saman í Reykjavík til stuðnings mannréttindum almennra borgara í Palestínu sem hafa misst heimili sín, búa við stöðugan ótta við sprengingar hvert sem þau fara og standa frammi fyrir hungursneyð. Kallað hefur verið eftir því að íslensk stjórnvöld taki afstöðu í þágu friðar. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa telur þó ekki víst að vinaborgarsamstarf við Gazaborg sé best leiðin til að koma á framfæri slíkum skilaboðum.

Ný alþjóðastefna Reykjavíkur til ársins 2030 var samþykkt í borgarstjórn 20. apríl 2021. Þar kemur fram að vaxandi samstarf Reykjavíkur á alþjóðlegum vettvangi valdi síauknu álagi á stjórnkerfi borgarinnar. Þar af leiðandi sé mikilvægt að leggja fram skýr viðmið um virði við val á verkefnum og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Þá sé jafnframt lögð áhersla á marghliða samstarf borga enda felur það í sér meiri ávinning fyrir Reykjavík en annað alþjóðlegt samstarf.

Samstarfsborgir Reykjavíkur eru fimm talsins: Winnipeg í Kanada, Seattle í Bandaríkjunum, Vilnís í Litháen, Wrocław í Póllandi og Lviv í Úkraínu. Horfið var frá vinaborgarsamstarfi við Moskvu árið 2022. Þrátt fyrir að vilji hafi verið til þess að draga úr tvíhliða samstarfssamningum var gerð undantekning á þeirri stefnu í maí 2023 þegar samkomulag var gert við Lviv í Úkraínu. Stuttu áður hafði Lviv átt frumkvæði að því að óska eftir samstarfinu, en Reykjavík hafði þá átt

Í reglulegum samskipti við Lviv frá árinu 2006. Borgarstjóri Lviv heimsótti m.a. Reykjavík árið 2019.

Forsendur fyrir samstarfi Reykjavíkur og Lviv eru því ólíkar þeim sem liggja að baki tillögum borgarfulltrúa vinstri grænna. Hvorki Gaza né aðrar borgir í Palestínu hafa sýnt áhuga á samstarfi við Reykjavík. Jafnframt er óljóst hvernig slík samningagerð færi fram þar sem allir helstu innviðir samfélagsins á Gaza eru í molum í kjölfar yfirstandandi átaka á svæðinu. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa telur því að sú framkvæmd að koma á vinaborgarsamstarfi við Gazaborg gæti orðið afar flókið í framkvæmd, að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

Guðrún Elsa Tryggvadóttir

lögfræðingur

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa